

Ed.

306. Nefndarálit

[182. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Frá l. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Það er löngu orðið tímabært að endurskoða frumskóg aðflutningsgjalda og fella niður lúxustolla af almennri nauðsynjavöru. Það frumvarp, sem hér er flutt, nær einungis til fáeinna vörutegunda og er með því marki brennt að um er að ræða viðleitni ríkisstjórnarinnar til að koma í veg fyrir greiðslu verðbóta á laun og spila á rangan vísitölugrundvöll.

Sést þessi tilgangur best á því, að fyrirhugað er að leggja á sérstakt nýtt tollafgreiðslugjald, sem ætlað er að skili ríkissjóði meiri tekjum en tapast við tollalækkunina. Almennigur á að borga brúsann og vel það.

Fjölmargar algengar neysluvörur verða áfram í lúxustolli. Þannig eru hnífapör með 123% tolli og vörugjaldi, grænmeti ber 70—111% aðflutningsgjöld og svipað gildir um ýmis hreinlætistöki, skóáburð og rakkrem, svo dæmi séu tekin.

Þótt breytingin á tollum skv. fyrirbyggjandi frv. sé þannig mjög takmörkuð í eðli sínu nær hún þó til vöruflokka sem nauðsynlegt er að lækka tolla á. Á hinn bóginn er ósamræmi í því, til hvaða heimilistækja breytingin nær. Undirritaður telur óhjákvæmilegt, að samræmi sé í breytingunni, og gerir tillögu um það á sérstöku þingskjali. Leggur undirritaður til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu.

Auk tillögu um, að tollar rafknúinna heimilistækja, svo sem rafmagnspanna og slíkra hitunartækja til heimilisnota, kaffikanna, hársnyrtitækja, grænmetiskvarna og sambærilegra eldhústækja, verði lækkaðir með sama hætti og frv. gerir ráð fyrir hvað varðar kæliskápa, frystiskápa, ryksugur o. fl. heimilistöki, sem frv. hefur, þá er einnig lagt til að algengustu búshöld heimila og venjuleg hnífapör verði tekin úr lúxustolli og látið nægja að tolla þau með 40% álagi.

Alþingi, 2. febr. 1982.

Kjartan Jóhannsson.